

26.05.2025

Til: Velferðar- og fræðslunefndar

Efni: Aldurstakmark fyrir veitingu aðgangskóða að íþróttamiðstöð

Ágæta Velferðar- og fræðslunefnd,

Ástæða þessa erindis er sú að óska eftir samtali við nefndina varðandi aldurstakmark fyrir veitingu aðgangskóða til aðgangs að íþróttamiðstöð utan opnunartíma.

Sem stendur segir það samkomulag sem notendur undirrita við íþróttamiðstöð, og er skilyrði fyrir veitingu kóða, að „notandi skuli vera 18 ára eða eldri“ og spurningin er á hverju slíkt byggji og hvort grundvöllur/rök séu fyrir að færa aldursviðmiðið neðar. Ungmennni geta fengið bílpróf 17 ára og er þar með treyst til að bera ábyrgð á eigin öryggi auk annarra og með það til hliðsjónar er harla fátt sem mælir gegn því að þeim einstaklingum sé ekki treystandi til að bera ábyrgð á eigin öryggi við heilsurækt.

Senn kemur sumar og ungmennin streyma heim í Langanesbyggð til sumarstarfa og annarra verka. Starfa sem hefjast og klára mis- snemma og mis-seint og eru þess að auki jafnvel unnin um helgar þegar opnunartími íþróttamiðstöðvar er styttri en á virkum dögum. Því væri þetta ágætis tímapunktur til að fara yfir þessi mál í sameiningu.

Meðfylgjandi er afrit af notendaskilmálum íþróttamiðstöðvar fyrir veitingu aðgangskóða utan opnunartíma.

Sigurbjörn V. Friðgeirsson